

Gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar:

Styttri biðraðir með breyttri stýringu umferðarljósa á álagstímum

Ný stilling umferðarljósa á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar verður virk miðvikudaginn 23. júní. Vinstri beygja frá Bústaðavegi inn á Reykjanesbraut verður bönnuð á álagstímum og er það gert til að draga úr myndun biðraða við gatnamótin. Verst hefur ástandið verið síðdegis og teygja biðraðir sig þá langt eftir Sæbrautinni og einnig inn á Miklubraut með tilheyrandi töfum og slysaættu. Stilling umferðarljósa byggir á umferðarmælingum á álagstímum.

Vinstri-beygjubannið mun gilda á eftirfarandi tímum:

	Árdegis	Síðdegis
Mánudaga – fimmtudaga	Kl. 7:45 – 9:30	Kl. 15:30 – 18:00
Föstudaga	Kl. 7:45 - 9:30	Kl. <u>14:30</u> – 18:00

Bannið gildir ekki um helgar og frídaga, enda sýna mælingar ekki þörf á því.

Ökumenn eru beðnir um að sýna aðgát og tillitssemi.

Hlutfallslega fáir bílar taka vinstri beygjuna

Um gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar fara yfir 7 þúsund bílar á klukkutíma á annatímum. Mælingar sýna hlutfallslega fáa bíla taka umrædda beygju á þessum álagstímum eða aðeins 3% umferðar sem um gatnamótin fara.



Fjöldi bíla sem fer um gatnamótin á annatímum greint niður á akstursleiðir.

Upplýsingaskilti á Bústaðavegi

Þeir ökumenn sem ætluðu að taka vinstri beygju við Reykjanesbraut fá svigrúm til að velja aðrar leiðir því að á Bústaðavegi hefur verið komið fyrir upplýsingaskiltum sem eru samstillt við umferðarljósinn og munu þau loga þegar bannið við vinstri-beygju gildir. Skiltin eru við Grensásveg, Réttarholtsveg, Sogaveg og á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesvegjar. Þeir ökumenn sem koma að



gatnamótunum meðan bannið gildir geta tekið hægri beygjuna suður Reykjanesbraut og snúið við á mislægum gatnamótum við Stekkjarbakka.

Umferðartafir á Reykjanesbraut minnka við lokun vinstri beygjunnar. Draga mun úr myndun biðraða sem á álagstímum síðdegis teygja sig alla leið inn á Miklubraut og Sæbraut.

Vakað verður yfir breytingum á umferð

Reykjavíkurborg og Vegagerðin vilja tryggja öryggi gangandi vegfarenda og skólabarna í Bústaðahverfinu og því hefur verið farið sérstaklega yfir öryggismál á Réttarholtsvegi og Sogavegi. Síðastliðið haust var sett þrenging á Réttarholtsveg við gangbrautarljósinn og jafnframt voru sett upp 30 km radarskilti. Samþykkt hefur verið að setja gönguljós á Bústaðaveg við Ásgarð. Hlustað hefur verið á raddir íbúa og hefur verkefnið meðal annars verið kynnt fyrir hverfisráði. Áhyggjur íbúa beinast einkum að auknum akstri í gegnum hverfið. Ætla má að þeir sem áður sneiddu hjá biðröðum á Miklubraut með því að fara í gegnum hverfið og niður á Bústaðaveg breyti þeirri hegðun sinni þar sem aksturleiðir utan hverfisins verða greiðari. Vegur sú breyting á móti mögulegri aukningu umferðar í hverfinu vegna vinstri beygju bannsins. Fylgst verður með breytingum á umferðarpunga framangreindra gatna í kjölfar breytinganna.

Sjá ítarefni á vef >>> http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-3545/436_read-22068/

Nánari upplýsingar: Jón Halldór Jónasson, upplýsingastjóri Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar, sími 664 8918